

Fiskeldi Austfjarða hf.
Vörðu 1
765 Djúpivogur

Akureyri, 29. apríl 2021
UST202101-250/S.R.B.
08.12.01

Tilkunning um ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu á breyttu starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði

Umhverfisstofnun vísar í umsókn Fiskeldis Austfjarða hf. vegna breytinga á starfsleyfi þess í Fáskrúðsfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir rekstaraðila sem snéri annarsvegar að svæðabreytingu og hinsvegar að uppfærslu í samræmi við gildandi áhættumat erfðablöndunar.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Breytt starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri